

Sp.

121. Tillaga til þingsályktunar

um vatnsveitu í Grímsey.

Flm.: Garðar Þorsteinsson, Bernharð Stefánsson.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að greiða úr ríkissjóði kr. 35000.00 til þess að gera vatnsveitu í Grímsey.

Greinargerð.

Grímseyingar hafa jafnan átt og eiga enn við mikla örðugleika að stríða um að afla sér góðs og nægilegs vatns til heimilisnotkunar. Nærtækari vatnsbólín eru bæði ótrygg og vatnið slæmt. Á einum stað fæst þó lindarvatn, sem talið er, að muni nægja til heimilisnotkunar á eyinni. Er íbúum Grímseyjar hin mesta nauðsyn á því að fá vatn þetta leitt heim til sín. Til þess að svo geti orðið, er tillaga þessi borin fram.

Umsögn Pálma Einarssonar jarðræktarráðunauts fylgir hér með. Er í henni nánar skýrt frá öllum aðstæðum.

Fylgiskjal.

BÚNAÐARFÉLAG ÍSLANDS

Jarðræktarráðunauturinn.

Reykjavík, 27. sept. 1943.

Samkvæmt beiðni yðar, herra alþingismaður, hef ég athugað þau gögn, sem ég hef í höndum varðandi vatnsbólín í Grímsey, og athuganir þær, er ég gerði 1940, til úrbóta á vandræðum Grímseyinga um að hafa heilnæmt vatn til búsparfa.

Vatnsból eyjarinnar eru brunnar, sem jafnan þrjóta í þurrkasumrum. Vatnið í þeim er bragðvont og mengað lífrænum jarðefnum vegna þess, hve grunnt það kemur úr jörð. Þegar brunnavatnið þrýtur, er vatn sótt í Hólatjörn, sem liggur á austanverðri eyinni. Er það drykkjarból búpenings. Vegalengdin frá Hólatjörn er röskur kílómetri. Vatninu væri hægt að ná sjálfrennandi frá tjörninni. Þetta vatn er ekki betra til neyzlu en brunnavatnið, því að búfé og sjávarfuglar menga vatnið óhreinindum. Að vísu væri hægt að koma í veg fyrir það, en þetta kyrrstæða tjarnarvatn verður alltaf meira eða minna fúlt, sérstaklega í hitum á sumrin.

Í Stóraskarði, norðan við Básavík, koma fram smálindir í berginu. Er þetta þrautavatnsból eyjarskeggja. Vegalengdin frá Sandvík er 1,5 km að lindinni.

Athuganir mínar heindust aðallega að því að fá vitneskju um vatnsmagn lindarinnar með því að sameina frárennsli þeirra. Við þá athugun virtist mér koma í ljós, að hið dreifða vatnsmagn mundi koma frá einni lind, því að þegar grafið var frá efstu sprungunum, þvarr vatnið, sem seytlaði áður fram neðar í skriðunni.

Eftir þessari lauslegu athugun reiknaðist mér til, að aðallindin gæti gefið 5600 lítra á sólarhring, en að allt vatnsmagnið væri um 15000 lítrar á sólarhring. Þess er vart að vænta, að náðst hafi þó til alls vatnsmagnsins til mælingar, enda geta orðið örðugleikar á að sameina það allt og ná því í pró, því að bergið er mjög laust og sprungið þar, sem það rennur fram.

Áætlun sú, sem hér fer á eftir, er byggð á þeim mælingum, er gerðar voru þarna 1940, en það ber að taka til greina, að þá var aðeins um lauslega athugun að ræða á staðháttum.

Efsta lindin liggur 26,5 metra undir þeim stað ofan við bjargbrún, er geymir yrði settur á, en neðsta lindin er 36,8 m neðan við bjargbrúnina. Er gert ráð fyrir ca. 6 rúmmetra safnþró þar undir berginu, og yrði dælt úr henni í véldælu í geymi uppi á bjargbrúninni. Úr þeim geymi næst vatnið sjálfrennandi til allrar byggðarinnar á eyjunni.

Kostnaður við verkið áætlast lauslega þannig:	
1. Vatnsgeymar	kr. 12000.00
2. Dælustöð	— 3500.00
3. Leiðsla frá geymi til Sandvikur og lögn hennar	— 19500.00
	<u>Samtals kr. 35000.00</u>
— þrjátíu og fimm þúsund krónur. —	

Virðingarfyllst,
Pálmi Einarsson.

Herra alþingismaður Garðar Þorsteinsson, Alþingi.